

72. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 27. nóvember 2006 í Stykkishólmi

Mættir: Friðjón Þórðarson formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Ásgeir Gunnar Jónsson, Magnús A. Sigurðsson, Sigurður Þórólfsson, Þórólfur Halldórsson, Eiríkur Snæbjörnsson og Róbert A. Stefánsson.

Fundarritari: Sigríður E. Elisdóttir.

Fundur settur kl. 11:00.

DAGSKRÁ FUNDARINS

Rannsóknir Háskólaseturs Snæfellsness á verndarsvæði Breiðafjarðar

Tómas Grétar Gunnarsson, forstöðumaður Háskólaseturs Snæfellsness, var gestur fundarins undir þessum lið og sagði frá nokkrum rannsóknum sem eru í undirbúningi og ætlunin er að stunda á verndarsvæði Breiðafjarðar.

Hann svaraði spurningum nefndarmanna.

Afgreiðsla: Nefndarmenn þökkðu Tómasi fyrir og lýstu yfir vilja til samstarfs eftir bestu getu. Tómas vék af fundi kl. 11:45.

Fundargerð 71. fundar

Friðjón las fundargerð 71. fundar.

Afgreiðsla: Fundargerðin var samþykkt.

Fækkun sjófugla

Lögð voru fram drög að erindi til umhverfisráðherra þar sem bent er á fækkun sjófugla á Breiðafirði. Breiðafjarðarnefnd telur brýnt að rannsóknir hefjist nú þegar og óskar eftir því að ráðuneytið veiti nefndinni fjármagn til að láta kanna nánar ástand sjófuglastofna á Breiðafirði og mögulegar ástæður fyrir fækkun í þeim.

Drögin voru rædd.

Afgreiðsla: Drögin voru samþykkt eftir smávægilegar breytingar og erindið undirritað.

Fjármál Breiðafjarðarnefndar

Ritari lagði fram fjárhagsáætlun Breiðafjarðarnefndar til næstu áramóta.

Friðjón sagðist hafa verið í sambandi við Sverri Jakobsson varðandi skráningu á sögu Breiðafjarðar. Sverrir mun koma yfirliti yfir skráninguna til formanns nefndarinnar fyrir næsta fund.

Afgreiðsla: Ákveðið var að óska eftir kostnaðaráætlun frá Guðrúnu Gísladóttur dósent við raunvísindadeild Háskóla Íslands vegna áframhaldandi vinnu við örnefnaskráningar á Breiðafirði. Guðríður mun hafa samband við Guðrúnu og óska eftir að sú áætlun liggi fyrir á næsta fundi.

Skipulag fyrir Breiðafjörð

Rædd var nauðsyn þess að unnið verði aðalskipulag fyrir Breiðafjörð. Málið virðist þó vera í kyrrstöðu þar sem vinna við aðalskipulag hjá nokkrum af sveitarfélögunum við Breiðafjörð er enn í gangi. Búið er að vinna aðalskipulag fyrir Snæfellsbæ, Grundarfjarðarbæ og Stykkishólmsbæ, en verið er að vinna við gerð aðalskipulags fyrir Helgafellssveit, Vesturbyggð, Reykhólahrepp og Dalabyggð.

Afgreiðsla: Ákveðið var að fresta umræðu um gerð aðalskipulags fyrir Breiðafjörð þar til samþykkt aðalskipulag liggur fyrir hjá öllum sveitarfélögunum við Breiðafjörð.

Tillaga um stækkun verndarsvæðis Breiðafjarðar

Ekki hefur borist svar frá umhverfiráðuneytinu vegna bréfs Breiðafjarðarnefndar frá 15. september 2005, þar sem nefndin leggur til við ráðuneytið að það taki tillögu Skúla Alexanderssonar og Kristins Jónassonar um stækkun verndarsvæðis Breiðafjarðar til afgreiðslu.

Afgreiðsla: Ákveðið var að óska eftir fundi með ráðherra og ræða þetta mál ásamt fleiri málum. Guðríður mun athuga hvort umhverfiráðherra geti komið á næsta fund nefndarinnar sem haldinn verður í Umhverfisstofnun 11. des. nk.

Aðalskipulag Dalabyggðar 2004-2016

Lagt var fram erindi frá Landmótun, dags. 20. nóvember 2006, þar sem óskað er formlegrar umsagnar varðandi tillögu að aðalskipulagi Dalabyggðar 2004-2016.

Nefndarmenn skoðuðu skipulagstillöguna og vildu taka sér lengri tíma til að skoða þá þætti er snerta verndarsvæði Breiðafjarðar, en frestur til að skila umsögninni er til 15. desember nk.

Afgreiðsla: Afgreiðsla var frestað til næsta fundar.

Fundi var slitið kl. 13:30.

Næsti fundur, og jafnframt síðasti fundur ársins, verður haldinn í Umhverfisstofnun 11. desember nk.